LÖG

4
31. jan.

um framleiðslusjóð.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Úr sjóði þeim, er um ræðir í II. kafla laga þessara (framleiðslusjóði), skal greiða togaraútgerðinni rekstrarframlag á árinu 1956. Hverjum einstökum togara, byggðum eftir 1946, má greiða frá 1. janúar 1956 kr. 5000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða.

2. gr.

Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum togarafiski, miðað við slægðan fisk með haus, nema karfa óslægðan, enda greiði vinnslustöðvar þær, er uppbótarinnar njóta, eigi lægra verð fyrir togarafisk en greitt var í desembermánuði 1955.

3. gr.

Veita skal eins árs greiðslufrest á afborgun lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýju togurunum.

4. gr.

Á árinu 1956 skal aðstoða bátaflotann með greiðslum úr framleiðslusjóði sem hér segir:

1. Greiða skal hálf vátryggingariðgjöld fiskibáta fyrir árið 1956. Skilyrði fyrir greiðslu iðgjaldsins er, að báturinn hafi verið gerður út á þorskveiðar á aðalvertíð einhvers staðar á landinu.
2. Vinnslustöðvum (hraðfrystihúsum, framleiðendum saltfisks og skreiðar svo og niðursuðuverksmiðjum) skal greiða bætur úr framleiðslusjóði á allan smáfisk af bátum, sem tekinn er til vinnslu til útflutnings, þorsk, ýsu og steinbít undir 57 cm að stærð, mælt eftir miðlínu fisksins frá trjónu að sporðblöðkuenda. Verðbætur þessar skulu nema 26 aurum á hvert kg, miðað við slægðan fisk með haus. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er það, að vinnslustöðvarnar greiði sama verð fyrir smáfisk og stórfisk.
3. Úr framleiðslusjóði skal á árinu 1956 greiða fiskvinnslustöðvum uppbót, er nemi 5 aurum á hvert kg af útfluttum bátafiski, miðað við slægðan fisk með haus, enda greiði vinnslustöðvarnar eigi lægra verð fyrir bátafisk en gert var á s. l. ári.
4. Úr framleiðslusjóði skal auk uppbóta samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar greiða fiskvinnslustöðvum 17 aura uppbót á hvert kg allrar útfluttrar ýsu og steinbíts, sem veiddur er af bátum á árinu 1956, miðað við slægðan fisk með haus.

4 31. jan.

5. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð saltaðrar reknetasíldar, sem veidd var fyrir Suður- og Suðvesturlandi árið 1955, er nemi 75 til 100 krónum á hverja tunnu, 100 kg nettó, og 20 aura á kg af reknetasíld (fersksíld), sem veidd var af útilegubátum í Austurdjúpi árið 1955.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða úr framleiðslusjóði uppbætur á söluverð útfluttrar frystrar reknetasíldar, er nemi 175 krónum til 400 krónum á hverja smálest.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr framleiðslusjóði verðbætur á útflutt kindakjöt, gærur, ull og ost af framleiðslu ársins 1955, er samsvari innflutningsréttindum bátaútvegsins fyrir afurðir ársins 1955.

7. gr.

Úr framleiðslusjóði skal verja allt að 26 milljónum króna á árinu 1956 til kaupa á B-skírteinum.

8. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd 1.—7. gr. þessara laga, þar á meðal um sönnunargögn fyrir gjaldkræfum greiðslum úr framleiðslusjóði, svo og valdsvið stjórnar sjóðsins.

II. KAFLI

9. gr.

Til þess að standa undir gjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara skal stofna sjóð, er nefnist framleiðslusjóður. Gjöld þau, er innheimta skal samkvæmt III. kafla, skulu renna í sjóð þenna.

Ekki má inna af hendi greiðslur úr framleiðslusjóði örar en tekjur hans innheimtast.

10. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 9. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í seðlabankanum.

Stjórn sjóðsins og greiðslur úr honum skal fela tveimur mönnum, sem ríkisstjórnin skipar.

Kostnað við stjórn og rekstur sjóðsins, svo og annan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, skal greiða af fé sjóðsins.

11. gr.

Verði ágreiningur innan stjórnar sjóðsins um framkvæmdaatriði laga þessara, sker ríkisstjórnin úr.

III. KAFLI

12. gr.

Framleiðslusjóði skal aflað tekna á þann hátt, sem segir í 13.—17. gr.

13. gr.

Til ársloka 1956 skal greiða í framleiðslusjóð sem hér segir:

1. Af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu, skal greiða 9% framleiðslusjóðsgjald.

2. Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 79/1955, skal greiða 3% framleiðslusjóðsgjald. 4 31. jan.

Undanþegnar framleiðslusjóðsgjaldi eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimildin til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanskila.

Á framtali til söluskatts og framleiðslusjóðsgjalds fyrir fyrsta ársfjórðung 1956 skal sundurliða sérstaklega viðskiptin í janúar og sérstaklega viðskiptin í febrúar og marz og skal skattyfirvöldum heimilt að krefja aðila um sams konar sundurliðun á veltu til samanburðar fyrir fyrsta ársfjórðung 1955, ef ástæða þykir til.

14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1956 sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

15. gr.

Eign sjóðs þess, sem stofnaður var samkvæmt lögum nr. 114/1954, skal renna í framleiðslusjóð.

16. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum, sem felast í d-lið 1. gr. laga nr. 91/1955, skal til ársloka 1956 innheimta með 40% álagi.

17. gr.

Innheimta skal af tollverði eftirgreindra vara, sem fluttar eru til landsins, 30% framleiðslusjóðsgjald til ársloka 1956:

1. Af ávöxtum, sem teljast til nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár.
2. Af búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a, 7 og 9—10 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.
3. Af smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla, nr. 3—6 í 71. kafla og nr. 26—27 í 77. kafla.

18. gr.

Eigi mega heildsöluverzlanir, smásöluverzlanir eða iðnfyrirtæki hækka söluverð á innfluttum vörum, sem tollafgreiddar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, eða á vörum, sem framleiddar hafa verið innanlands fyrir þann tíma. Aðilum þeim, sem gjaldskyldir eru í framleiðslusjóð, og smásöluverzlunum ber að skila verðgæzlustjóra öllum verðútreikningum til ársloka 1956, svo að hægt sé að koma í veg fyrir óeðlilegar verðhækkanir. Innflutningsskrifstofan setur reglur um eftirlit með því, að farið sé eftir þessum fyrirmælum.

19. gr.

Þar, sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

4 31. jan.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þessum lögum, varða sektum allt að 500 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

21. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

5 18. jan.

LÖG

um breyting á lögum nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins og er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að kr. 200000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

6 15. jan.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 12. janúar 1956 var undirritaður í Reykjavík viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands.

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1956 til 31. janúar 1957. Ef hvorugur aðili segir upp samningnum fyrir árslok 1956 framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Helztu útflutningsvörur frá Íslandi til Finnlands á samningstímabilinu verða saltsíld, gærur, þorskalýsi, skreið, síldar- og fiskimjöl, frystur fiskur og síld, kindagarnir og niðursoðnar fiskafurðir.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða timbur, staurar, kross-